

Greinargerð samstarfsráðherranna um stjórnsýsluhindranir, lögð fyrir þing Norðurlandaráðs árið 2023

Efnisyfirlit

1. Samantekt 2
 2. Vinna að afnámi stjórnsýsluhindrana og á málefnasviðum
3
 3. Vinna við upplýsingaaðgerðir á Norðurlöndum 10
- Viðauki: Vinna sviðanna að afnámi stjórnsýsluhindrana
14



1 Samantekt

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 og mikilvægur hluti af því starfi felst í aðgerðum til þess að fækka stjórnsýsluhindrunum og greiða fyrir frjálsri för. Vinnunni við afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum er ætlað að auka samkeppnishæfni og samstöðu og gera Norðurlönd að opnara svæði. Það á að vera hægt að flytja, stunda vinnu eða nám og reka fyrirtæki þvert á landamæri Norðurlanda án þess að stjórnsýsluhindranir eða önnur vandamál tengd frjálsri för standi í vegi fyrir því. Opin Norðurlönd eru allra hagur.

Ríkisstjórnir Norðurlanda hafa falið stjórnsýsluhindranaráðinu það verkefni að greiða fyrir frjálsri för innan Norðurlanda. Þessi greinargerð gefur yfirlit yfir stöðu og árangur af vinnu stjórnsýsluhindranaráðsins og fagsviða Norrænu ráðherranefndarinnar, auk upplýsingastarfs upplýsingaþjónustanna, á tímabilinu júlí 2022 til júní 2023.¹

Stjórnsýsluhindranaráðið fæst sérstaklega við úrlausnarefni sem tengjast hreyfanleika, ferðum til og frá vinnu, námi og fyrirtækjarekstri. Starfið krefst samvinnu norrænu landanna og aðgangs að aðilum og tengslanetum innan ákveðinna svæða, í löndunum og á Norðurlöndum almennt. Á meðal þessara aðila eru upplýsingaþjónusturnar á Norðurlöndum sem með daglegu upplýsinga- og samþættingarstarfi sínu leika lykilhlutverk í samþættingu innan Norðurlanda og greina nýjar stjórnsýsluhindranir í gegnum samskipti sín við íbúa og fyrirtæki.

Stjórnsýsluhindranaráðið beinir sjónum sínum í auknum mæli að víðari málaflokkum og almennum málefnum sem snerta margt fólk og skapa stjórnsýsluhindranir sem Norðurlönd eiga sameiginlegar, svo sem *stafræna væðingu*, *tölfræðiupplýsingum um landamærasvæðin* og *skattalegum stjórnsýsluhindrunum*. Á tímabilinu voru fimm stjórnsýsluhindranir afgreiddar en margar þeirra hindrana sem eftir standa er erfitt að leysa í norrænu samhengi og því mun vinnan á málefnasviðunum framvegis verða fyrirferðarmeiri.

Að lokum má nefna að stjórnsýsluhindranaráðið hefur einnig það verkefni að fylgjast með frjálsri för á milli norrænu landanna sem er grundvallarþáttur í norrænu samstarfi. Stríð í Evrópu, barátta gegn glæpastarfsemi og aðrar ytri aðstæður skapa hvata fyrir löndin til þess að setja reglur sem haft geta neikvæð áhrif á hreyfanleika á milli norrænu landanna. Í slíkum tilvikum er það hlutverk stjórnsýsluhindranaráðsins að vekja athygli á hættum og bjóða fram þekkingu sína og tengslanet.

¹ Í þessari greinargerð er sjónum fyrst og fremst beint að vinnu stjórnsýsluhindranaráðsins að afnámi stjórnsýsluhindrana og almennt á málefnasviðum auk vinnu fagsviðanna að afnámi stjórnsýsluhindrana. Greinargerðin er því ekki samantekt á almenntri vinnu að framtíðarsýninni og vinnu að auknum hreyfanleika innan þess starfs.



2 Vinna að afnámi stjórnarsýsluhindrana og á málefnasviðum

Stjórnarsýsluhindranastarfið er mikilvægur hluti af vinnunni að frjálsri för á Norðurlöndum. Hlutverk stjórnarsýsluhindranaráðsins er að varpa ljósi á vandamál einstaklinga og fyrirtækja tengd frjálsi för á Norðurlöndum og koma tillögum að lausnum á framfæri til norrænna ríkisstjórna. Stjórnarsýsluhindranaráðið getur sjálft ekki afnumið stjórnarsýsluhindranir heldur er það hlutverk þess að hvetja ráðamenn og aðra aðila innan landanna, sem hafa til þess völd og bera á því ábyrgð, til þess að leysa vandamálin, t.d. með breytingum á lögum eða framkvæmd þeirra eða samningum.

Stjórnarsýsluhindranaráðið hefur frá stofnun sinni árið 2014 átt þátt í að afnema 88 norrænar stjórnarsýsluhindranir². Ráðið leggur áherslu á 30 stjórnarsýsluhindranir auk þess að vinna á sex almennari málefnasviðum. Á tímabilinu 1. júlí 2022 til 30. júní 2023 voru fimm þessara stjórnarsýsluhindrana afgreiddar og töldust þær allar hafa verið leystar og hefur aukinn kraftur verið settur í vinnuna við vandamála af almennari toga.

Starfsumboð

Hlutverki stjórnarsýsluhindranaráðsins er lýst í sérstöku [starfsumboði](#) sem hefur sama gildistíma og framkvæmdaáætlun vegna framtíðarsýnarinnar, þ.e. til og með ársins 2024. Í stuttu máli á stjórnarsýsluhindranaráðið að vinna að afgreiðslu 5–8 stjórnarsýsluhindrana ár hvert. Auk þessa mælanlega markmiðs er stjórnarsýsluhindranaráðið jafnframt með eiginleg markmið og vinnur því að almennari málum sem valda Norðurlöndum sameiginlega vanda í tengslum við hreyfanleika og eru í þessu samhengi nefnd *málefnasvið*.

Starfsumboð stjórnarsýsluhindranaráðsins gerir ráðinu jafnframt kleift að bregðast fyrir og með meira afgerandi hætti við á neyðartímum ef hætta á neikvæðum áhrifum á frjálsa för er fyrir hendi. Í nóvember 2022 brást stjórnarsýsluhindranaráðið enn á ný við í tengslum við þetta hlutverk og fylgdi með því eftir fyrri aðgerðum³. Vorið 2022, þegar þáverandi ríkisstjórn Svíþjóðar lagði til að lögð yrði ábyrgð á athugun skilríkja á flutningaaðila á Eyrarsundssvæðinu, brást ráðið hratt við með umsögn og sendi viðkomandi ráðherrum bréf þar sem gerð var grein fyrir þeim neikvæðu áhrifum sem þetta myndi hafa í för með sér.⁴ Í nóvember 2022 var þessu fylgt eftir með öðru bréfi þegar ljóst var að ný ríkisstjórn Svíþjóðar hugðist koma á skilríkjaeftirliti og hertu landamæraeftirliti. Ráðið benti enn á ný á neikvæðar afleiðingar þessa fyrir

² Ef stjórnarsýsluhindrun telst „afgreidd“ felur það í sér að hún hafi annaðhvort verið leyst og afnumin eða að stjórnarsýsluhindranaráðið hafi úrskurðað að hún sé óleysanleg samkvæmt svörum viðkomandi ráðuneyta landanna.

³ <https://www.norden.org/is/news/stjornarsysluhindranaradid-bidlar-til-svithjodar-ad-taka-ekki-upp-aukid-landamaeraeftirlit>

⁴ Að lokum ákvað sænska ríkisstjórnin, meðal annars á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram kom í umsögninni, að draga tillöguna til baka en hún byggðist á hugsanlegri hættu sem almannareglu landsins eða innra öryggi stafaði af innrás Rússlands í Úkraínu.



landamærasvæðin og hvatti til samráðs við viðkomandi lönd og aðila á landamærasvæðunum.⁵

Hið nýja starfsumboð styrkir einnig samstarf stjórnarsýsluhindranaráðsins við samstarfsráðherrana og hittast þessir aðilar að lágmarki einu sinni á ári til samráðs og upplýsingagjafar.

Starf stjórnarsýsluhindranaráðsins að afnámi stjórnarsýsluhindrana

Vinnan að því að afnema stjórnarsýsluhindranir hefst á því að möguleg stjórnarsýsluhindrun er greind. Upplýsingaþjónusturnar á landamærasvæðunum, upplýsingaþjónustan Info Norden og norrænu landamæranefndirnar eru þeir aðilar sem oftast koma auga á stjórnarsýsluhindranir. Hjá upplýsingaþjónustunum fer einnig fram mikilvægt upplýsinga- og samþættingarstarf auk fyrirbyggjandi aðgerða.⁶

Fyrir íbúa og fyrirtæki sem þurfa upplýsingar um vinnu, nám, stofnun fyrirtækis eða mannráðningar frá öðru landi liggur beint við að byrja á því að leita til upplýsingaþjónustanna. Í samskiptum þeirra við Norðurlandabúa eru kennsl borin á vandamál tengd hreyfanleika. Upplýsingaþjónusturnar gera skrifstofu stjórnarsýsluhindranaráðsins grein fyrir mögulegum stjórnarsýsluhindrunum og að loknu samráði við viðkomandi ráðuneyti í löndunum skráir skrifstofan hindrunina í [gagnagrunn um stjórnarsýsluhindranir](#). Fulltrúar í stjórnarsýsluhindranaráðinu forgangsraða svo nokkrum stjórnarsýsluhindrunum sem þeir vinna með út frá innihaldi gagnagrunnsins.

Þegar hindrun hefur verið sett í forgang er unnið að henni þar til henni hefur verið rutt úr vegi eða hlutaðeigandi ráðuneyti eða stjórnvald tilkynnir að ekki sé unnt að leysa hana.

Á tímabilinu voru eftirfarandi fimm stjórnarsýsluhindranir afgreiddar sem „leystar“:

Stjórnarsýsluhindranir sem leyst hefur verið úr

1. [Úthlutun rannsóknastyrkja takmörkuð við íbúa tiltekins ríkis – nr 14–074 \(leyst í FI\)](#)
2. [Lífeyrisauki til að tryggja lífeyrisþegum lágmarkstekjur – 14–174](#)
3. [Greiðslur innan samsteypu yfir landamæri á Norðurlöndum – nr 17–006](#)
4. [Danskur fyrirtækisbill í Svíþjóð – nr 14–114](#)
5. Erfiðleikar við að nota símanúmer frá öðru norrænu landi þegar kaupa skal miða í almenningsamgöngur (tilfallandi hindrun, ekki í qaqaqrúnninum)



Þverfaglegt samstarf og önnur samstarfsnet

Þar sem norrænt samstarf er milliríkjasamstarf liggur ábyrgðin á því að afgreiða stjórnsýsluhindranir að mestu leyti hjá ríkisstjórnunum, ráðuneytum, þjóðþingunum, yfirvöldum og öðrum aðilum innan landanna.

Að auki fer vinna að afnámi stjórnsýsluhindrana fram í nánu samstarfi við ýmsa aðra aðila, svo sem stjórnsýsluhindranahóp Norðurlandaráðs, upplýsingaþjónustur, landamæranefndir, Norðurlandaráð æskunnar, fötlunarráðið, SOLVIT, aðila vinnumarkaðarins og atvinnulífssamtök.

Stjórnsýsluhindranaráðið og stjórnsýsluhindranahópur Norðurlandaráðs eiga í þverfaglegu samstarfi og vinna að sameiginlegum málum og taka þátt í sameiginlegum verkefnum þegar það á við.

Vinnan við afnám stjórnsýsluhindrana fer einnig fram hjá og í samvinnu við fagsviðin hjá Norrænu ráðherranefndinni, bæði þegar kemur að einstökum stjórnsýsluhindrunum og almennri vinnu í tengslum við málefnasviðin. Í viðauka greina sviðin frá vinnu sinni að tilteknum stjórnsýsluhindrunum og hér á eftir er greint frá vinnu þeirra varðandi málefnasviðin.

Starf stjórnsýsluhindranaráðsins á málefnasviðum

Stjórnsýsluhindranaráðið beinir sjónum sínum í auknum mæli að víðari málaflokkum og almennum málefnum sem snerta margt fólk og skapa stjórnsýsluhindranir sem Norðurlönd eiga sameiginlegar. Margar af þeim stjórnsýsluhindrunum sem eftir standa sem óleystar í gagnagrunninum eru flóknar í eðli sínu og erfitt er að leysa þær í norrænu samhengi og því er enn meiri áhersla lögð á vinnuna á málefnasviðunum.

Vinnan á málefnasviðunum er ólík hefðbundinni vinnu að afnámi stjórnsýsluhindrana og eitt málefnasvið getur falið í sér margar mismunandi stjórnsýsluhindranir eða varpað ljósi á stærra svið sem skapar vandamál í tengslum við hreyfanleika innan Norðurlanda.

Á tímabilinu einbeitti stjórnsýsluhindranaráðið sér að sex málefnasviðum sem hafa sérlega þýðingu fyrir hreyfanleika og markmiðið um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030:

- Stafrænni þróun
- Viðurkenningu starfsréttinda
- Samstarfi þjóðskrána
- Tölfræðiupplýsingum um landamærasvæðin
- Lífeyrismálum þvert á landamæri
- Skattatengdum stjórnsýsluhindrunum



Mörg málefnasvið eru í eðli sínu þverfagleg og því er einnig unnið að mörgum þeirra innan ýmissa fagsviða hjá Norrænu ráðherranefndinni. Nefna má vinnu sem fellur undir ábyrgðarsvið ráðherranefndar um stafræn umskipti (MR-DIGITAL) þar sem mörg verkefni snerta hreyfanleika og stjórnsýsluhindranir. Annað dæmi er vinnan í tengslum við viðurkenningu starfsréttinda sem farið hefur fram innan fagsviða vinnumála og menntamála auk Norðurlandaráðs í gegnum ýmis samstarfsverkefni með stjórnsýsluhindranaráðinu.

Stjórnsýsluhindranaráðið og skrifstofan mótuðu aðferð á árinu sem gerir kleift að ákvarða stöðu viðkomandi málefnasviðs. Með aðferðinni er auðveldara að fylgjast með árangri með kerfisbundnum hætti.⁷

Aðferð

- | | |
|-----------------------------|---|
| ① Byrjunarstig: | Við skilgreinum málefnasviðið og öðlumst sameiginlegan skilning á vandamálinu. Við gerum áætlun um meðhöndlun og aðferð. |
| ② Rannsóknarstig: | Við öflum þekkingar og greinum sviðið. Við gerum áætlun um sameiginlega meðhöndlun og aðgerðir. |
| ③ Greiningarstig:
okkur | Við ræðum við viðeigandi aðila og hagsmunaaðila og áttum okkur á stöðunni á sviðinu. Við skráum hjá okkur hugmyndir að lausnum. |
| ④ Lausnastig:
meðhöndlun | Við búum til skjal sem inniheldur tillögur að lausnum og á sviðinu. |

Málefnasviðin *Samstarf þjóðskráanna* og *Lífeyrismál þvert á landamæri* eru tiltölulega ný og eru á byrjunarstigi. Eftirfarandi eru stuttar lýsingar á hinum fjórum málefnasviðunum þar sem vinnan er lengra á veg komin.

Skattatengdar stjórnsýsluhindranir – ④ Lausnastig

Nokkrar stjórnsýsluhindranir sem tengjast skattamálum⁸ hafa verið í gagnagrunninum í mörg ár og málefnasviðið nær yfir margs konar vandamál. Stjórnsýsluhindranaráðið

⁷ Aðferðin gefur til kynna hver staðan er á vinnu stjórnsýsluhindranaráðsins á viðkomandi málefnasviði og endurspeglar því ekki endilega stöðuna á vinnu fagsviðanna á málefnasviðinu.

⁸ Stjórnsýsluhindranir nr. 21–032, nr. 20–030, nr. 20–029, nr. 17–006, nr. 15–005, nr. 14–177, nr. 14–156, nr. 14–066, nr. 14–062, nr. 14–056, nr. 14–054



byrjaði á því að forgangsraða tilteknu verkefni sem snertir hreyfanleika og vinnumarkaðinn eftir kórónuveirufaraldurinn þar sem áhersla er á að einfalda norræna skattalöggjöf.

Verkefnið má rekja til þeirra skattatengdu úrlausnarefna sem í ljós komu í kórónuveirufaraldrinum þegar fólk neyddist til þess að vinna heima. Í skýrslunni [Stefnumótandi úttekt – Almannaþingin á Norðurlöndum](#) er til dæmis fjallað um þörfina á endurskoðun regluverks, meðal annars varðandi skattamál, til þess að laga það betur að landamærasvæðum og Norðurlandabúum sem ferðast yfir landamæri til og frá vinnu. „Nýja normið“ á Norðurlöndum, óháð því hvort uppi eru erfiðleikar eða eðlilegt ástand, felur í sér að bæði launþegar og vinnuveitendur gera kröfur um að unnið sé heima fyrir í auknum mæli. Um leið eru núverandi skattasamningar og -reglur ekki aðlagðar að vinnumarkaðnum eins og hann lítur út í dag og margar af þeim stjórnsýslulegu og efnahagslegu áskorunum sem heimavinna hafði í för með sér fyrir vinnuferðalanga, vinnuveitendur og stjórnvöld í faraldrinum eru því enn til staðar.

Markmið verkefnisins er að leggja til einföldun á norræna skattasamkomulaginu, tvíhliða samningum og annarri skattalöggjöf. Verkefnið er bæði unnið út frá sjónarhorni vinnuveitenda og launþega með áherslu á að stuðla að hreyfanleika á milli norrænu landanna.

Verkefnið er unnið í samstarfi við stjórnsýsluhindranahóp Norðurlandaráðs. Verkefnið er þverfaglegt og í stoðhópi er jafnframt að finna aðalráðgjafa af sviðum vinnumála og fjármála.

Resonans Nordic og KPMG unnu greiningu og fulltrúar stjórnsýsluhindranaráðsins hafa átt fundi eða aðrar viðræður við aðila vinnumarkaðarins í norrænu löndunum. Greiningin verður kynnt í september 2023.

Viðurkenning starfsréttinda – ④ Lausnastig

Vinnan á málefnasviðinu er langt komin, út frá því starfi sem unnið hefur verið hjá sviðum vinnumála og menntamála hjá Norrænu ráðherranefndinni og innan ramma verkefnis Norðurlandaráðs um eftirsóknarvert starfsnám. Málefnasviðið er sprottið upp úr stjórnsýsluhindruninni [Viðurkenning starfsréttinda](#) og hefur stjórnsýsluhindranaráðið komið með ýmsum hætti að þeim verkefnum sem unnin hafa verið.

Á grundvelli úttektar frá árinu 2020 á hindrunum í vegi fyrir hreyfanleika sem eru til komnar vegna reglna starfsgreina hóf ráðherranefndin um atvinnulíf (MR-A) innra verkefni árið 2022 í samvinnu við ráðherranefnd un menntun og rannsóknir (MR-U) með það fyrir augum að leysa sex tilteknar hindranir af því tagi. Í lokaskýrslu verkefnisins kom fram að hindranirnar hafi einkum lotið að óljósum upplýsingum eða skorti á



upplýsingum og að þrjár þeirra hafi verið leystar að fullu með upplýsingaátaki og ein hafi verið leyst að hluta til. Auknu samráði á milli aðila á viðkomandi sviði hefur verið komið á í því skyni að leysa þær hindranir sem eftir eru.

Árið 2021 skipaði embættismannanefndin um menntun og rannsóknir (EK-U) *tímabundinn starfshóp um viðurkenningu starfsmiðaðs náms* til þess að kanna möguleika á nánara norrænu samstarfi á þessu sviði og tryggja réttláta og einfalda viðurkenningu á slíku námi. Hópurinn hefur skilað af sér loka skýrslu, [Recognition of vocational education and training in the Nordic countries](#), og reiknað er með því að byrjað verði að vinna út frá tillögum skýrslunnar haustið 2023.

Til viðbótar við þetta verkefni átti stjórnsluhindranaráðið einnig þátt í verkefni og skýrslu Norðurlandaráðs, [Spennandi starfsmiðað nám á Norðurlöndum](#), þar sem norræn hugsmiðja kynnti átta aðgerðir til þess að gera starfsmiðað nám eftirsóknarverðara og leysa þær stjórnsluhindranir sem eftir kunna að vera á þessu sviði.

Tölfræðiupplýsingar um landamærasvæðin – ③ Greiningarstig

Öflun tölfræðiupplýsinga um landamærasvæði á Norðurlöndum er mikilvæg af ýmsum ástæðum. Tölfræði um landamærasvæði getur nýst við að greina sameiginleg úrlausnarefni á landamærasvæðunum og styrkt samstarf og stefnumótun norrænu landanna með því að skapa sameiginlegan skilning á félagshagfræðilegum forsendum og þróun. Þá getur hún skapað þekkingargrunn fyrir yfirvöld innan mismunandi málefnasviða á lands- og svæðisvísu.

Samstarfsráðherrarnir hafa eyrnamerkt eina milljón danskra króna af fjárhagsáætlun stjórnsluhindranaráðsins stóru átaki á þessu sviði árið 2023. Áður hafa verið gerðar tilraunir til að koma upp tölfræði á sviðinu til frambúðar en þau verkefni hafa mætt tölverðum hindrunum. Meðal annars hafa komið upp lagalegar áskoranir í tengslum við miðlun örgagna á milli norrænu landanna og við að koma upp sjálfbæru fjármögnunarkerfi til þess að tryggja öflun tölfræðiupplýsinga um landamærasvæðin til frambúðar.

Á fyrri hluta ársins 2023 fór danska hagstofan (Danmarks Statistik) af stað með undirbúningsverkefni í samstarfi við norrænu hagstofurnar þar sem skoðaðir voru möguleikar á að koma á öflun tölfræðiupplýsinga um landamærasvæði á Norðurlöndum í heild sinni. Verkefnið er þverfaglegt og fjármagnað af stjórnsluhindranaráðinu og fagsviði vinnumála. Markmiðið með verkefninu er að kanna hvort raunhæft sé að hefja nýtt átak á þessu sviði með það fyrir augum að finna lausnir til frambúðar varðandi fyrirkomulag, skipulag og fjármögnun.

Gert er ráð fyrir því að norrænu hagstofurnar muni í tengslum við þetta verkefni óska eftir fjármagni frá Norrænu ráðherranefndinni vegna átaksins sem samstarfsráðherrarnir hafa eyrnamerkt fé til.



Stafræn þróun – ② Rannsóknarstig

Málefnasviðið er sprottið upp úr stjórnsýsluhindruninni [Stafræn tól til samskipta við yfirvöld virka ekki þvert á landamæri Norðurlandanna](#). Starf stjórnsýsluhindranaráðsins beinist að raunverulegu aðgengi íbúa og fyrirtækja að rafrænni þjónustu þvert á landamæri og er á rannsóknarstigi. Um flókið mál er að ræða og þar sem margs konar aðgerðir eru í gangi, bæði á norrænum og evrópskum vettvangi, leggur stjórnsýsluhindranaráðið nú höfuðáherslu á að öðlast yfirsýn yfir aðgerðirnar og því næst móta stefnu um upplýsingastarf innan landanna.

Á vettvangi fagsviða vinnur MR-DIGITAL meðal annars að því að finna sameiginlegar lausnir á þeim vandamálum sem íbúar og fyrirtæki í löndunum reka sig á við nám, vinnu eða rekstur fyrirtækja yfir landamæri á svæðinu. Cross-Border Digital Services (CBDS)-áætlunin fjallar um stafrænan hreyfanleika og stafræna þjónustu yfir landamæri og er henni ætlað að einfalda samskipti fólks sem býr eða stundar atvinnurekstur á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum við yfirvöld yfir landamæri. Mikilvægur hluti verkefnisins felst í norræn-baltnesku samstarfi um rafræn skilríki, NOBID-verkefninu, sem er samstarf á milli yfirvalda landanna á sviði rafrænna skilríkja.

Einnig er umtalsvert starf sem hefur þýðingu fyrir málefnasviðið unnið á vettvangi ESB. Með sameiginlegum rafrænum aðgangi að Evrópu verður auðveldara fyrir einstaklinga og fyrirtæki að nýta sér rafræna þjónustu í öðrum löndum ESB og EES. ESB-tilskipunin Single Digital Gateway (SDG) öðlast gildi í lok árs 2023. Á árinu hafa norrænu löndin og Eystrasaltlöndin unnið saman að því með góðum árangri að undirbúa innleiðingu tilskipunarinnar.

NOBID-verkefnið fer að auki fram innan ramma umfangsmikils tilraunaverkefnis um þróun veskis fyrir rafræn skilríki í ESB sem framkvæmdastjórn ESB fjármagnar meðal annarra. Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin taka með tilraunaverkefnunum, og árangri ofangreindra verkefna, forystu í fyrstu prófunum stafræns skilríkjaveskis ESB og byggja um leið upp sérfræðiþekkingu og innviði sem geta átt þátt í að leysa stjórnsýsluhindrunina sem málefnasviðið byggist á.



3 Vinna við upplýsingaaðgerðir á Norðurlöndum

Upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar, [Info Norden](#) og þrjár upplýsingaþjónustur landamærasvæðanna, [Grensetjänsten Norge-Sverige](#), [Gränstjänsten Sverige-Finland-Norge](#) og [Øresunddirekt](#) eru fjármögnuð af Norrænu ráðherranefndinni að hluta til eða öllu leyti.

Upplýsingaþjónusturnar eru fremsta víglína stjórnsýsluhindranaráðsins. Þær skapa öryggi fyrir íbúa og fyrirtæki sem vilja ferðast innan Norðurlanda og þurfa að fá upplýsingar um reglur sem gilda og aðstoð við að hafa samband við yfirvöld á Norðurlöndum. Þetta hefur komið sérlega vel í ljós á undanförunum árum, bæði í kórónuveirufaraldrinum og eftir hann. Mikil eftirspurn er eftir þekkingu upplýsingaþjónustanna og aðgerðir þeirra eru mjög mikilvægar fyrir hreyfanleika innan Norðurlanda.

Jafnframt eru upplýsingaaðgerðir mjög mikilvægar fyrir vinnuna við að fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir. Með því að halda til haga upplýsingum sem sérstaklega eru sniðnar að landamærasvæðunum um málefni á borð við skatta, almannatryggingar og vinnumarkað auk aðgengilegra upplýsinga um kerfi norrænu landanna, er íbúum og fyrirtækjum gert kleift að átta sig betur á mismunandi kerfum og þannig minnkar hætta á hugsanlegum vandamálum.

Mögulegar stjórnsýsluhindranir sem koma upp í daglegum samskiptum þeirra við einstaklinga og fyrirtæki eru skráðar. Skrifstofu stjórnsýsluhindranaráðsins er svo gerð grein fyrir hinum mögulegu stjórnsýsluhindrunum og þar tekur við rannsókn, gæðaeftirlit og samráð við viðkomandi ráðuneyti. Jafnframt er það verkefni þeirra að upplýsa um fyrirbyggjandi stjórnsýsluhindranir til þess að íbúar og fyrirtæki geti áttað sig á ólíkum kerfum.

Upplýsingaþjónusturnar vinna einnig að aðgerðum sem greiða fyrir hreyfanleika og samþættingu í samvinnu hver við aðra og ýmsa aðila innan landanna og viðkomandi svæða, svo sem yfirvöld, atvinnulífssamtök og hagsmunasamtök. Þær standa fyrir upplýsingaviðburðum á borð við málþing, ráðstefnur, herferðir og rafrænan fréttaflutning í því skyni að varpa ljósi á hreyfanleika á Norðurlöndum og veita upplýsingar um norrænar og samnorrænar reglur. Markhópurinn er ýmist innflytjendur, fyrirtæki, stjórnvöld, samtök, svæðisbundnir aðilar, ráðamenn og aðrir hagsmunaaðilar.

Hér á eftir er fjallað um verkefni upplýsingaþjónustanna ásamt því að farið er yfir tölfræði tímabilsins. Athuga ber að skipulag, verkefni og tölfræði Info Norden eru sett fram sérstaklega þar sem verkefni stofnunarinnar eru að hluta til frábrugðin verkefnum upplýsingaþjónustanna á landamærasvæðunum og því eru stofnanirnar ekki alveg samanburðarhæfar.



Info Norden

[Info Norden](#), sem er upplýsingaþjónusta Norrænu ráðherranefndarinnar, hefur með höndum það verkefni að veita upplýsingar um hreyfanleika á Norðurlöndum, taka saman gögn um stjórnsýsluhindranir og aðrar hindranir í vegi hreyfanleika ásamt því að miðla upplýsingum um norrænt samstarf.

Info Norden hefur verið Norðurlandabúum mikilvæg upplýsingalind frá árinu 1998 og fagnar því 25 ára afmæli í ár. Stofnun Info Norden stuðlaði að því að hækka rána í norrænu samstarfi og tryggja íbúum og starfsfólki vandkvæðalauslega daga þvert á landamæri Norðurlanda.

Markmið Info Norden er einkum að íbúar fái svör við spurningum sínum á heimasíðu Info Norden, þaðan sem þeir komast áfram til viðeigandi yfirvalda. Vefsíður Info Norden eru í boði á hinum opinberu tungumálum Norðurlandanna og ensku.

Íbúar og fyrirtæki geta borið upp spurningar eða tilkynnt um norrænar stjórnsýsluhindranir og önnur vandamál tengd hreyfanleika í gegnum vefeyðublað, síma eða tölvupóst. Info Norden leggur áherslu á flókin mál er varða hreyfanleika og nýjar stjórnsýsluhindranir í samskiptum sínum við íbúa, fyrirtæki, yfirvöld, samtök og fjölmiðla. Info Norden greinir og kannar hugsanlegar hindranir og hefur heildarmynd af stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum.

Hjá Info Norden starfa verkefnastjórar í Danmörku, Finnlandi, Færeyjum, Noregi, Svíþjóð, á Grænlandi, Íslandi og Álandseyjum. Info Norden heyrir undir ábyrgðarsvið norrænu samstarfsráðherranna og er samkvæmt skipuriti staðsett innan samskiptasviðs Norrænu ráðherranefndarinnar.

Tölfræði Info Norden

	Þjónusta við einstaklinga ⁹	Ytri aðgerðir ¹⁰	Vefur ¹¹	Facebook	Twitter	LinkedIn
ALLS	5372	4800	2.019.166	9917	1722	Á ekki við

⁹Samskipti með vefeyðublaði, síma, tölvupósti, á stafrænan hátt o.s.frv.

¹⁰Þátttakendur á upplýsingafundum/málþingum/öðrum ytri viðburðum þessar tölur innihalda ekki þátttakendur á netviðburðum.

¹¹Fjöldi tenginga. Tölfræði fyrir tímabilið 1. júlí 2022 til 31. desember 2022 kemur frá Google Analytics. Tölfræði fyrir tímabilið 1. janúar 2023 til 30. júní 2023 kemur frá Siteimprove.



Upplýsingarþjónustur á landamærasvæðum.

Ólíkt Info Norden búa upplýsingarþjónustur landamærasvæðanna, [Grensetjänsten Norge-Sverige](#), [Gränstjänsten Sverige – Finland – Norge](#) og [Øresunddirekt](#), yfir upplýsingamiðstöðvum sem íbúar og fyrirtæki geta heimsótt og haft samband við til þess að fá persónulega þjónustu í málum sem teygja sig yfir landamæri.

Upplýsingarþjónustur landamærasvæðanna eru að hluta til fjármagnaðar af Norrænu ráðherranefndinni. Eins og fyrir Info Norden er löng hefð fyrir þeim. Þær eru misjafnlega upp settar og mistórar og allar fjármagnaðar af ýmsum opinberum aðilum og yfirvöldum.

Markmið upplýsingarþjónustanna á landamærasvæðunum er að íbúar og fyrirtæki geti fundið upplýsingar sem eiga við um landamærasvæðin á heimasíðunum ásamt því að fá persónulega leiðsögn eftir þörfum. Þær einbeita sér að flóknum málum sem varða hreyfanleika og nýjar stjórnsýsluhindranir í samskiptum sínum við íbúa, fyrirtæki, yfirvöld, samtök og aðra. Þær greina og rannsaka mögulegar hindranir og vinna hver með annarri í tengslum við mál sem snerta landamærasvæðin. Tungumál og markhópar eru mismunandi eftir því hvaða löndum upplýsingarþjónusturnar sinna og eru ábyrgar fyrir. Þótt upplýsingarþjónusturnar séu staðsettar á ólíkum landamærasvæðum fást þær við spurningar og mál sem snerta löndin í heild sinni.

Tölur um upplýsingarþjónustur landamærasvæða

	Þjónusta við einstaklinga ¹²	Ytri aðgerðir ¹³	Vefur ¹⁴	Facebook	Twitter	LinkedIn
Grensetjänsten NO-SE	13548	966	254200	2166	Á ekki við	187
Gränstjänsten SE-FI-NO	2937	3354	108000	1300	147	58
Øresunddirekt	15522	4274	1.229.247	3751	902	819
ALLS	32007	8594	1591447	7217	1049	1064

¹²Samskipti með vefeyðublaði, síma, tölvupósti, á stafrænan hátt o.s.frv.

¹³Þátttakendur á upplýsingafundum/málþingum/öðrum ytri viðburðum

¹⁴Fjöldi tenginga.



Ditt gransproblem – stafrænt tilkynningakerfi

Árið 2019 úthlutuðu samstarfsráðherrar 1 milljón danskra króna til hinna þriggja upplýsingaþjónustna landamærasvæðanna til að þróa kerfi fyrir skilvirkari sameiginlega greiningu og tilkynningu stjórnsýsluhindrana.

Kerfinu, sem hleypt var af stökkunum 2021, er ætlað að bæta gæði tilkynninga um mögulegar stjórnsýsluhindranir á landamærasvæðum og auka skilvirkni samstarfs á þessu sviði. Markmiðið er einnig að gera öllum á landamærasvæðunum, bæði einstaklingum, stofnunum, samtökum og fyrirtækjum, kleift að tilkynna mögulegar stjórnsýsluhindranir og aðrar hindranir á frjálstri för á stafrænan og notendavænan hátt og geta fylgst með stöðu mála á www.dittgransproblem.com

Alls hafa 262 tilkynningar borist frá því kerfið var tekið í notkun, þar af 54 á því tímabæli sem hér er um að ræða. Skipting á milli landamærasvæða/landa er sýnd í eftirfarandi töflu.

Tilkynningar eftir landamærasvæðum/löndum 1. júlí 2022 – 30. júní 2023

	SE/DK	SE/FI	SE/NO	FI/NO	>2 lönd	Aðrar samsetningar
Tilkynningar	37	11	13	3	11	0

Samkvæmt upplýsingaþjónustunum varðar stór hluti tilkynninganna vandamál í tengslum við lífeyri og skattamál, rafræn skilríki, ferðir til og frá vinnu yfir landamæri, banka og láns hæfi og skráningu í þjóðskrá. Hér að neðan má sjá dreifingu stærstu vandamállanna.

- Lífeyrismál 15%
- Skattatengd vandamál 13%
- Ferðir til vinnu yfir landamæri og almenningssamgöngur 13%
- Rafræn skilríki 11%
- Bankar og láns hæfi 11%
- Þjóðskrá og kennitala 7%



Viðauki: Vinna sviðanna að afnámi stjórnsýsluhindrana

Vinnan við afnám stjórnsýsluhindrana fer einnig fram hjá fagsviðum Norrænu ráðherranefndarinnar, bæði þegar kemur að einstökum stjórnsýsluhindrunum og almennri vinnu í tengslum við málefnasviðin. Vinnan skarast að einhverju leyti við vinnuna við málefnasviðin og því er hluta upplýsinganna einnig að finna í kafla 2. Eftirfarandi eru lýsingar sviðanna á vinnunni að afnámi tiltekinna stjórnsýsluhindrana á tímabilinu júlí 2022 til júní 2023.

Ráðherranefnd um atvinnulíf (MR-A)

Viðbótarkröfur um unnin störf til að geta lagt saman starfs- og tryggingartímabil frá öðru landi þegar sótt er um atvinnuleysisbætur (nr. 14–090)

Reglum í Noregi var breytt haustið 2021. Eftir þá breytingu er þess ekki lengur krafist að launþegi hafi unnið í landinu í átta vikur eða lengur til þess að heimilt sé að leggja saman starfstímabil og réttindatímabil í almannatryggingakerfi annars EES-ríkis þegar sótt er um atvinnuleysisbætur. Hindruninni hefur því verið rutt úr vegi í Noregi. Svíar telja að hindrunin eigi ekki við í Svíþjóð. Vera kann að lausn verði fundin á vettvangi Evrópusambandsins í tengslum við endurskoðun á ákvæðum 6. kafla reglugerðar (EB) nr. 883/2004 Danmörk og Finnland bíða niðurstöðu endurskoðunar á reglugerð 883/2004. Lýsingu á stjórnsýsluhindruninni er að finna [gagnagrunninum](#).

Langur afgreiðslutími ESB-mála (nr. 14–042)

Löndin eru hvött til þess að vinna áfram að því að stytta afgreiðslutíma og gæta þess að afgreiðslutímar lengist ekki.

Eining ríkir um það meðal landanna að mikilvægt sé að stytta afgreiðslutíma mála sem teygja sig yfir landamæri þar sem því verður við komið. Þetta tengist einnig lokum Electronic Exchange of Social Security Information (EESSI) og vinnu embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál (ÄK-S). Lýsingu á stjórnsýsluhindruninni er að finna [gagnagrunninum](#).

Ráðherranefnd um stafræn umskipti (MR-DIGITAL)

Stafræn tól til samskipta við yfirvöld virka ekki þvert á landamæri Norðurlandanna (nr. 17–010)

Cross-Border Digital Services (CBDS)-áætlunin fjallar um stafrænan hreyfanleika og stafræna þjónustu yfir landamæri og er henni ætlað að einfalda samskipti fólks sem býr eða stundar atvinnurekstur á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum við yfirvöld yfir landamæri.

Hluti af verkefninu felst í samstarfi Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna um rafræn skilríki, NOBID-verkefninu. Verkefnið er samstarf milli þeirra stofnana í löndunum sem bera ábyrgð á rafrænum skilríkjum. Hvert og eitt land ber ábyrgð á að gera mögulegt að nota lausnir þeirra fyrir rafræn skilríki í öðrum löndum.



Árangur af NOBID-verkefninu er því undir því kominn að lausnir landanna varðandi rafræn skilríki verði samþykktar samkvæmt eIDAS-tilskipun Evrópusambandsins. Tvö lönd hafa ekki enn fengið lausnir sínar á rafrænum skilríkjum viðurkenndar, þ.e. Ísland og Finnland, en formlegt ferli hefst á fjórða ársfjórðungi 2023.

Til þess að ríkisborgarar Norðurlanda og Eystrasaltslandanna geti notað rafræn skilríki þvert á landamæri á svæðinu er nauðsynlegt að geta borðið kennsl á einstaklinga þvert á landamæri. Þetta mál hefur fengið mikla athygli innan CBDS-áætlunarinnar í ár. Í gegnum NOBID-verkefnið hefur verið skipaður starfshópur með fulltrúum frá öllu svæðinu og á þessu ári er verkefni sem fjallar um þetta fjármagnað í gegnum opið fjármögnunarkerfi CBDS. Verkefnið er í nánú samstarfi við bæði NOBID-verkefnið og önnur verkefni innan CBDS-áætlunarinnar og verða niðurstöður kynntar á stórrí CBDS-ráðstefnu í nóvember 2023.

Annað mál sem skiptir máli í tengslum við rafrænan hreyfanleika er að allir íbúar geti í raun nýtt sér þá þjónustu sem boðið er upp á. Á þessu ári hóf NOBID-verkefnið vinnu varðandi rafræna inngildingu í tengslum við rafræn skilríki í nánú samstarfi við önnur verkefni, bæði á vegum MR-DIGITAL og annarra, og verður hvítbók kynnt á áður nefndri ráðstefnu.

Með sameiginlegum rafrænum aðgangi að Evrópu verður auðveldara fyrir einstaklinga og fyrirtæki að nýta sér rafræna þjónustu í öðrum löndum ESB og EES. ESB-tilskipunin Single Digital Gateway (SDG) öðlast gildi í lok árs 2023. Norrænu og baltnesku löndin hafa með góðum árangri unnið saman innan ramma verkefnisins „SDG Once Only Proof of Concept Pilot“, undir forystu Finna, til þess að undibúa innleiðingu tilskipunarinnar. Þetta árangursríka norræna-baltneska samstarf vakti athygli á vettvangi Evrópusambandsins þegar verkefnið tók þátt í prófun tæknikerfisins sem tilskipunin byggist á. Verkefninu lauk í júní 2022 en rætt er um framhald.

Finnskt verkefni í tengslum við formennskuáætlunina um einfaldari gagnaskipti á milli yfirvalda klárast á árinu 2023. Á árinu hefur verkefnið, ásamt systurverkefni sem beinir sjónum að gagnaskiptum í tengslum við nám, skilað af sér hlutaniðurstöðum. Lokaafraksturinn, handbók um einfaldari og betri gagnaskipti, verður kynnt á ráðstefnunni í nóvember 2023.

Á árinu hefur NOBID-verkefnið jafnframt haldið áfram vinnu sinni innan ramma umfangsmikils tilraunaverkefnis um þróun veskis fyrir rafræn skilríki í ESB sem framkvæmdastjórn ESB fjármagnar meðal annarra. Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin taka með tilraunaverkefninum, og árangri ofangreindra verkefna, forystu í fyrstu prófunum stafræns veskis ESB og byggja um leið upp sérfræðiþekkingu og innviði sem geta átt þátt í að leysa stjórnsýsluhindrun 17–010. Lýsingu á stjórnsýsluhindruninni er að finna [gagnagrunninum](#).



Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S)

Flutningar einstaklinga sem búa á stofnunum (nr. 14–014)

Stjórnsýsluhindrunin hefur ekki verið leyst. Vinna stendur yfir við að veita sveitarfélögunum betri leiðsögn um skyldur yfirvalda og leysa málin staðbundið á milli sveitarfélaga. Það getur meðal annars falist í upplýsingum um eldri samninga og fyrri reynslu.

Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) óskaði vorið 2022 eftir vinnu við að greina hvernig tillagan um endurskoðun norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagsþjónustu samræmist ESB-rétti. Niðurstaða lagalegrar greiningar var kynnt fyrir embættismannanefndinni um félags- og heilbrigðismál (ÄK-S) í febrúar 2023. ÄK-S ákvað að skipa starfshóp um norrænan samning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu með það fyrir augum að koma með beinar tillögur um hvernig samningurinn skuli endurskoðaður eða afnuminn. Starfshópurinn fékk einnig það verkefni að kanna hvort, og þá hvernig, leysa megi stjórnsýsluhindranir sem tengjast samningnum með því að endurskoða hann. Starfshópurinn á að kynna ÄK-S tillögur sínar í síðasta lagi í febrúar 2025. Lýsing á stjórnsýsluhindruninni er að finna í [gagnagrunninum](#).

Ferðapjónusta fyrir fatlað fólk (nr. 14–136) og Persónulegur aðstoðarmaður við búferlaflutninga (nr. 14–124)

Stjórnsýsluhindranirnar hafa ekki verið leystar. Ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál (MR-S) óskaði vorið 2022 eftir vinnu við að greina hvernig tillagan um endurskoðun norræna sáttmálans um félagslega aðstoð og félagsþjónustu samræmist ESB-rétti. Niðurstaða lagalegrar greiningar var kynnt fyrir ÄK-S í febrúar 2023. ÄK-S ákvað að skipa starfshóp um norrænan samning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu með það fyrir augum að koma með beinar tillögur um hvernig samningurinn skuli endurskoðaður eða afnuminn. Starfshópurinn fékk einnig það verkefni að kanna hvort, og þá hvernig, leysa megi stjórnsýsluhindranir sem tengjast samningnum með því að endurskoða hann. Starfshópurinn á að kynna ÄK-S tillögur sínar í síðasta lagi í febrúar 2025. Lýsingu á stjórnsýsluhindrununum er að finna [hér](#) og [hér](#) í gagnagrunninum.

Mismunandi kröfur um merkingu lyfja og um tungumál á fylgiseðlum með lyfjum (nr. 14–124)

Stjórnsýsluhindrunin hefur ekki verið leyst. ÄK-S hélt fund í Brussel í október 2022. Fundinn sat jafnframt fulltrúi ESB-nefndarinnar DG SANTE og var fjallað um rafræna fylgiseðla á fundinum. Einnig héldu fulltrúar frá heilbrigðisráðuneyti Íslands og íslenska sendiráðinu í Brussel fund með fulltrúum DG SANTE í Brussel í október 2022. Á þeim lögðu Íslendingar fram enska þýðingu á svari norrænu ríkisstjórnanna við spurningum frá Norðurlandaráði um málið (2019). Þann 13. desember 2022 sendi



heilbrigðisráðherra Íslands bréf til DG SANTE í því skyni að fylgja eftir fundinum frá því í október 2022.

Í tengslum við endurskoðun ESB-tilskipunar 2001/83 er fjallað um nýjan texta: „Member State may decide that the package leaflet shall be made available on paper or electronically, or both. In the absence of such specific rules in a Member State, a paper package leaflet shall be included in the packaging of medicinal product“. Reynist textinn gera það kleift að nota eingöngu rafræna fylgiseðla, og verði textinn samþykktur, mun stjórnarsýsluhindrunin teljast hafa verið leyst. Lýsingu á stjórnarsýsluhindruninni er að finna í [gagnagrunninum](#).

Ráðherranefn um menntun og rannsóknir (MR-U)

Viðurkenning starfsréttinda (nr. 14–122)

Með hliðsjón af kortlagningu á starfsgreinatengdum hindrunum í vegi hreyfanleika frá 2020 setti ráðherranefndin um atvinnulíf (MR-A) ásamt ráðherranefndinni um menntun og rannsóknir (MR-U) af stað verkefni árið 2022 með það fyrir augum að leysa sex tiltekna slíkar hindranir.

Verkefnið var unnið af Resonans Nordic og lauk því í nóvember 2022. Í lokaskýrslunni kemur fram að hindranirnar tengist einkum óljósum upplýsingum eða skorti á upplýsingum og að þrjár þeirra hafi verið leystar að fullu með upplýsingaátaki og ein hafi verið leyst að hluta til. Komið hefur verið á auknu samráði viðkomandi aðila í því skyni að leysa þær hindranir sem eftir standa.

Árið 2021 skipaði embættismannanefndin um menntun og rannsóknir (EK-U) tímabundinn starfshóp um viðurkenningu starfsréttinda til að skoða viðurkenningu starfsmenntunar til að kanna hvort auka megi norrænt samstarfs á því sviði og tryggja sanngjarna og einfalda viðurkenningu. Lokaskýrsla hópsins, Recognition of vocational education and training in the Nordic countries, kom út í maí 2023 og reiknað er með því að byrjað verði að vinna út frá tillögum skýrslunnar haustið 2023. Lýsingu á stjórnarsýsluhindruninni er að finna í [gagnagrunninum](#).

Ráðherranefndin um hagvöxt (MR- Tillväxt)

Mismunandi byggingareglugerðir (nr. 14–076)

Fundi norrænu húsnæðis- og byggingamálaráðherranna sem halda átti í Noregi þann 8. nóvember 2022 var aflýst sökum þess að of fáir ráðherrar höfðu boðað komu sína. Því var samnorrænni yfirlýsingu um sjálfbæran byggingariðnað frestað til 2023.

Þann 23. mars 2023 var haldið [málþing](#) í Ósló um samræmingu byggingareglugerða á Norðurlöndum. Svinesund-nefndin, Association of European Border Regions og Norræna ráðherranefndin stóðu að málþinginu. Bæði norræn stjórnvöld og fyrirtæki



tóku þátt í málþinginu. Á málþinginu fluttu meðlimir norræns stýrihóps um samræmingu byggingareglugerða erindi. Kynningar og greinar frá málþinginu má nálgast [hér](#).

Þann 25. maí hélt norræni stýrihópurinn um samræmingu byggingareglugerða fund. Hópurinn ræddi tillögur frá málþinginu í mars. Hópurinn var sammála um að það, að hve miklu leyti bæri að samræma byggingareglugerðir á milli norrænu landanna, hefði verið rætt við mörg tækifæri í stýrihópnum á fundum ráðherra. Almennt er stýrihópurinn opin fyrir samræmingu norrænu byggingareglugerðanna en telur að vinnan eigi að snúast um nýjar reglur, ESB, loftslagsmál, sjálfbærni og orkumál. Stýrihópurinn hefur þegar fjallað um margar af þeim tillögum sem settar eru fram í skýrslunni frá málþinginu.

Stýrihópurinn ræddi jafnframt Eurocodes og voru fulltrúar sammála um að mikilvægt væri að fá norrænar staðlastofnanir og -ráð til samstarfs í tengslum við þessa vinnu. Ráðherrayfirlýsingin „Low Carbon Construction and Circular Principles in the Construction Sector“ var rædd ásamt „Roadmap for Harmonisation of Nordic Building Regulations concerning Climate Emissions“ – vegvísi sem unninn er í vinnupakka 1 í áætluninni Nordic Sustainable Construction.

Lýsingu á stjórnsýsluhindruninni er að finna í [gagnagrunninum](#).